



1202. Stjórnarfundur VR

Haldinn þriðjudaginn 7. apríl 2020, kl. 17:30. Fjarfundur.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jóhann Már Sigurbjörnsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Árnadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Vegna mála á vettvangi ASÍ

Ragnar Þór sagði boðað til þessa fundar til að upplýsa um málefni á vettvangi ASÍ sem verið hafa hér til umræðu og í fjölmiðlum. Það varði erindi hans sjálfs og Hörpu Sævarsdóttur auk Vilhjálms Birgissonar formanns VLFA sem var svar við ákalli um samstöðu frá miðstjórn ASÍ. Þau sendu því beiðni um afturköllun afsagnar sinnar úr miðstjórn en um þetta eru engin sérstök lagaákvæði hjá ASÍ og töldu þau sig innan eðlilegs tímaramma sértaklega ef miðstjórn vildi í raun sátt í málinu.

Drífa, forseti ASÍ, tók fyrir úrsagnir Hörpu og Vilhjálms þann 1. apríl sl og tilkynnti þá að Kristján Þórður Snæbjarnarson, Rafiðnarsambandi Íslands, færðist upp sem 1. varaforseti í stað Vilhjálms en um það var ekki kosið eins og kveðið er á um í lögum ASÍ.

Þann 30. mars sl sendi Ragnar Þór sjálfur erindi um sína úrsögn en úrsagnir Hörpu og Vilhjálms fóru 31. mars sl.

Ragnar Þór sagði Drífu hafa hvatt sig til þess að draga úrsögn sína tilbaka en sama gerði hún ekki vegna úrsagna þeirra Hörpu og Vilhjálms. Úrsögn sína sagði hann hana ekki hafa tekið gilda þar sem hann hefði ekki svarað beiðni hennar um að draga erindi sitt tilbaka.

Þann 3. apríl sl. var haldinn fundur í miðstjórn og farið yfir hina nýju stöðu vegna úrsagnar þeirra þriggja. Undir rós var gefið í skyn að úrsögn hans sjálfs væri ekki gild og var fundi frestað. En á næsta fundi lá fyrir álit Magnúsar Norðdahl lögmanns ASÍ þar sem kveðið var uppúr með það að úrsögn Ragnars Þórs væri ekki gild en búið væri að skipa í embætti Vilhjálms. Helga Ingólfssdóttir og Bjarni Þór Sigurðsson óskuðu þá eftir að tekin yrði til afgreiðslu beiðni þremmenninganna um að afturkalla úrsagnir sínar en því var vísað frá af forseta í skjóli lögfræðialits Magnúsar.

Ragnar Þór sagði að þau hafi haldið að verið væri að leita sátta og af heilindum en svo er þetta lögfræðialit notað gegn þeim og virðist það þó ekki



standast skoðun því Guðmundur B. Ólafsson, lögmaður VR, hefur unnið nýtt álit þar sem hann segir þessar ákvarðanir miðstjórnar ASÍ ekki standast því miðstjórn hafi fullt umboð til þess að taka gildar afturkallanir þeirra og afgreiða. Það eru engar beinar reglur til um þetta og því engin lög sem miðstjórn væri að brjóta með slíkri ákvörðun. Það eru því einhver önnur sjónarmið sem hér ríkja heldur en fagleg og lýðræðisleg. Kannski var Ragnari Þór haldið inni vegna hárra iðgjalda VR til ASÍ? Oft hefur andað köldu til VR innan ASÍ en þar erum við gegnum aðild okkar að LÍV þar sem við erum 93% - 94% af heildinni.

Niðurstaðan var því að kalla til þessa stjórnarfundar sem snýst um þessa afstöðu ASÍ til VR og ekki bara vegna afstöðu þeirra til afturköllunar úrsagna þeirra Hörpu og Vilhjálms. Vildi hann ræða þetta hér á þessum vettvangi áður en hann bregst við stöðunni og vill hann taka ákvörðun með stjórninni. Mun hann vegna þessa leggja til ályktun frá stjórn VR til ASÍ um að endurskoða beri ákvörðunina hvað varðar þau Hörpu og Vilhjálmm m.t.t. þeirra lögfræðialita sem við höfum um málið.

Umræður.

Sigríður Lovísa mætir hér til fundar kl. 18:05

Að loknum umræðum lagði Ragnar Þór fram skjalið “Áskorun stjórnar VR til miðstjórnar ASÍ” og fór yfir efni þess á slæðum sem hann las upp.

Umræður.

Við umræður tók áskorunin örlitlum breytingum og hljómar þannig að þeim loknum:

“Stjórn VR harmar þá ákvörðun miðstjórnar ASÍ að taka ekki til greina eða afgreiðslu beiðni Hörpu Sævarsdóttur varaformanns VR og Vilhjálms Birgissonar formanns Verkalýðsfélags Akranes um afturköllun á úrsögn þeirra úr miðstjórn ASÍ þar sem leitað var sátta.

Einnig lýsir stjórn VR yfir miklum vonbrigðum með þá mismunun sem beitt var í málinu með því að taka eina beiðni gilda en aðrar ekki á forsendum sem standast ekki.

Samkvæmt lögfræðialiti sem stjórn VR lét vinna vegna málsins og lögfræðialiti sem VLFA lét einnig vinna, og stjórn VR hefur undir höndum, er ljóst að ef vilji var fyrir hendi til að leita sátta að þá var hægt að gera slíkt.

Stjórn VR harmar að miðstjórn ASÍ hafi ekki vilja taka því sáttatilboði sem lagt var fram og borið fyrir sig formsreglur sem standast ekki. Stjórn VR fordæmir þessi vinnubrögð og skorar á miðstjórn ASÍ að endurskoða ákvörðun sína í ljósi þeirra lögfræðialita sem liggja fyrir.



Samþykkt af stjórn VR þann 7. apríl 2020

Þá næst bar Ragnar Þór ofangreinda áskorun upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 18:50

Árni Leósson, fundarritari